

Uppruni raforku

Stöðluð yfirlýsing fyrir árið 2013

Stöðluð yfirlýsing sýnir uppruna raforku ásamt umhverfisáhrifum. Niðurstöðurnar byggja á gögnum um raforkuframleiðslu á Íslandi og viðskiptum með upprunaábyrgðir raforku. Upplýsingar í yfirlýsingunni eru settar fram með vísan í reglugerð nr. 757/2012.

Innleiðing

Sölufyrirtæki sem ekki afskrá upprunaábyrgðir eða aðrar sambærilegar afurðir skulu gefa út staðlaða yfirlýsingu. Fyrirtæki sem hins vegar afskrá upprunaábyrgðir eiga að birta sértæka yfirlýsingu sem Orkustofnun samþykkir. Með lögum nr. 30/2008 með síðari breytingum, er innleitt ákvæði tilskipunar nr. 2009/28/EB um útgáfu upprunaábyrgða vegna raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum.

Framleiðsla raforku á Íslandi 2013

Á Íslandi er raforka framleidd að stærstum hluta með vatnsorku og jarðhita en einnig lítilsháttar með jarðefnaeldsneyti (olíu). Framleiðsla ársins 2013 skiptist á eftirfarandi hátt:

Endurnýjanleg orka á Íslandi 2013

Endurnýjanleg orka [RES]	GWh	Hlutf.
Vatnsorka	12.863	
Jarðhiti	5.245	
Vindorka	5	
Samtals	18.113	99.98%

Óafturkræf orka [Fossil]

Jarðefnaeldsneyti	3	0.02%
Alls	18.116	100.00%




Raforkusali:

Heimilisfang:

Sími:


Heimasíða:

Skipting raforkuframleiðslu á Íslandi:



Raforkusala á Íslandi 2013

Þegar upprunaábyrgðir vegna framleiðslu á endurnýjanlegri orku eru seldar frá Íslandi til Evrópu, þarf við framsetningu gagna vegna raforkusölu á Íslandi að taka inn í útreikninga hér á landi samsvarandi magn af raforku sem seld er í Evrópu. Í íslenskum gögnum koma þess vegna fram orkugjafir sem annars eru ekki notaðir til orkuframleiðslu hér á landi en eru notaðir í Evrópu. Með þessu móti er komið í veg fyrir tvítalningu á upprunaábyrgðum. Fyrir árið 2013 hefur Orkustofnun gefið út upplýsingar um uppruna raforku á hverja megavattstund [MWh] að teknu tilliti til sölu upprunaábyrgða úr landi og þar með innflutning gagna um orkusölu í Evrópu í staðinn. Niðurstaðan er eftirfarandi:



Úrgangsefni miðað við uppruna raforkunnar

Samkvæmt tilskipun 2009/28/EB er losun koldíoxíðs ekki meðtalin við útreikning á magni losunarefna vegna raforku framleiddrar með vatnsorku eða jarðvarma. Þar sem framleiðsla á raforku með jarðefnaeldsneyti er aðeins 0,02% af heildarframleiðslu er losun koldíoxíðs ekki mælanleg í íslensku raforkuframleiðslu. Losun koldíoxíðs og geislavirks úrgangs er því eingöngu sett fram vegna uppruna raforku, að teknu tilliti til seldra upprunaábyrgða.

Losun koldíoxíðs og kjarnorkuúrgangs í hlutdeild raforku á Íslandi, út frá uppruna.

Koldíoxíð	356,35	g/kWh
Geislavirkur úrgangur	0,72	mg/kWh